



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um stafrænt pósthólf FJR20060078
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	24. september 2020

Úrlausnarefni

Forsaga máls og tilefni?

Í stefnulýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 30. nóvember 2017, kemur m.a. fram að byggja skuli upp stafræna þjónustugátt þar sem landsmenn geti á einum stað nálgast þjónustu hins opinbera og sinnt þeim erindum sem beinast að stjórnvöldum og er ísland.is vísir að því. Á fundi ríkisstjórnar í maí 2018 var staðfest sú stefna að árið 2020 skuli stafræn þjónusta verða megin leið samskipta á milli hins opinbera, almennings og fyrirtækja. Þá segir enn fremur í þingsályktun nr. 22/150 frá 29. janúar 2020 að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra að stórefla vinnu er varðar tæknilega innviði Stjórnarráðsins.

Hvert er úrlausnarefnið?

Að stjórnvöldum sé heimilt að senda gögn til einstaklinga og lögaðila, stafrænt í gegn um pósthólf í miðlægu þjónustugáttinni, með sömu réttaráhrifum og ef gögn væru send með bréfpósti á lögheimili eða skráð aðsetur.

Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Ekki eru fyrir hendi sérstök lög eða reglur um miðlæga þjónustugátt eða um þau gögn sem berast nú þegar í gegn um stafrænt pósthólf. Tugir stofnana nota pósthólfið á ísland.is eins og það er í dag til að senda gögn til einstaklinga. Með því að setja sérstök lög um pósthólfið verður hægt að tryggja að réttaráhrifin verði þau sömu og þegar gögn berast með bréfpósti.

Markmið

Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að Ísland „búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum.“ Þar er ráðgert að sett verði á fót „rafræn þjónustugátt þar sem landsmenn geta á einum stað nálgast þjónustu hins opinbera og sinnt þeim erindum sem beinast að stjórnvöldum.“ Þá samþykkti ríkisstjórnin árið 2018 að stafræn samskipti skyldu verða „megin samskiptaleið ríkisins við fyrirtæki og almenning“ árið 2020. Í fjármálaáætlun 2020 – 2024 kemur fram að meginmarkmið á málefnasviðinu sé að í opinberri þjónustu verði sjálfsafgreiðsla reglan. Þá segir auk þess að markmiðið sé að veita opinbera þjónustu með einföldum og öruggum hætti. Með viðmóti þjónustugáttarinnar, pósthólfi og „mínum síðum“ munu almenningur, fyrirtæki og stofnanir

geta aflað upplýsinga, afgreitt erindi sín við ríki og sveitarfélög og fylgst með stöðu sinna erinda á einum stað.

Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmiðið er að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi við meðferð mála og hagkvæmni í stjórnsýslu og tryggja örugga leið til samskipta stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila á einum stað. Jafnframt er markmið lagasetningar að megin samskiptaleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn. |

Leiðir

Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Það myndi teyja framþróun þeirrar hagræðingar sem stefnt er að ná í ljósi þróunar í stafrænum heimi.

Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Ekki er tækt að fara aðra leið en að heimila með lögum að senda gögn á vegum hins opinbera með rafrænum aðferðum og að þær hafi sömu réttaráhrif og þegar bréf er í dag sent á lögheimili viðkomandi.

Mögulegar leiðir við lagasetningu

Fyrst fór fram mat á því hvort æskilegt væri að breyta einstaka lögum, svo sem bæta við lagagrein í stjórnsýslulögin og heimila þar með birtingu gagna í pósthólfinu. Það þótti hins vegar rétt að setja frekar heildarlög, enda markmiðið að heimildin verði sem skýrust. |

Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Með frumvarpi laga um birtingu gagna í stafrænu pósthólfi er gert ráð fyrir að heimila stjórnvöldum að senda gögn til einstaklinga og lögaðila með stafrænum hætti. Meginmarkmið fyrirhugaðs frumvarps er að lagaheimild sé til staðar svo einstaklingar sem hafa íslenska kennitölu og lögaðilar sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá eigi sitt pósthólf. Sú aðferð að senda gögn á vegum hins opinbera með rafrænum hætti mun hafa sömu réttaráhrif og þegar bréf er í dag sent á lögheimili viðkomandi. Þegar gögn hafa verið gerð aðgengileg í pósthólfi viðtakanda teljast gögnin þar með hafa verið komið á framfæri við viðtakanda. Miðað er við að ráðherra setji nánari reglur um hvenær unnt er að óska eftir því að taka á móti gögnum eftir öðrum leiðum, valdi aðstæður því að viðkomandi getur ekki móttakið gögn með rafrænum hætti.

Þá er gert ráð fyrir að einstaklingur og lögaðili, sem hefur aðgang að sínu pósthólfi, geti veitt öðrum aðila umboð til að koma fram fyrir sína hönd og lesa þau gögn sem eru í pósthólfinu. Mun það gagnast þeim einstaklingum sem þurfa aðstoð við umsjón með gögnum. Það mun m.a. vera til hagsbóta fyrir þá sem glíma við líkamlega fötlun, öldrun eða einfaldlega þá sem telja hagsmunum sínum betur borgið með því að veita þriðja aðila aðgang að pósthólfinu. Lögaðilar geta einnig veitt umboð, m.a. til starfsmanna og endurskoðenda.

Í dag er miðlæga þjónustugáttin þekkt sem island.is og með rafrænni auðkenningu getur hver og einn nálgast sitt eigið stafræna pósthólf á gáttinni. Til að auðvelda einstaklingum að fylgjast með nýjum gögnum má stilla gáttina þannig að viðtakanda sé send tilkynning þegar ný gögn berast. Í dag eru slíkar tilkynningar sendar sem tölvupóstur en unnt er að fara fleiri leiðir í þeim efnum, t.d. með skilaboðum í farsíma.

Heimild er í stjórnslögum til að birta stjórnvaldsákvæðanir með rafrænum hætti. Hins vegar hafa netföng aðila ekki verið tengd viðtakanda með nægilega tryggum hætti auk þess sem viðtakendur geta misst aðgang að netfangi sínu. Pósthólfið í miðlægu þjónustugáttinni verður bundið við viðtakanda og verður honum ávallt aðgengilegt, óháð t.d. netfangi. Má ætla að það verði til mikilla hagsbóta fyrir viðtakanda og sendanda.

Með áformum að frumvarpi er verið að auka þjónustu við almenning og fyrirtæki þar sem stefnt er að því að hægt verði að nálgast öll skjöl frá stjórnvöldum á einum stað sem leiðir til einföldunar, aukins hagræðis og tímasparnaðar fyrir samfélagið í heild.

Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Ekki er talið nauðsynlegt að gera breytingar á gildandi lögum og reglum.

Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Nei.

Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Það þarf að taka tillit til upplýsingalaga, persónuverndarlaga, stjórnslögum og þeirra laga sem gilda um skráningu og vistun opinberra skjala, þ.e. laga um opinber skjalasöfn.

Samráð

Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Almenningur, fyrirtæki og opinberir aðilar.

Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Frumvarpið varðar með óbeinum hætti málefni annarra ráðuneyta þar sem verið er að breyta því með hvaða hætti verði heimilt að upplýsa, tilkynna og birta fyrir almenningi.

Samráð sem þegar hefur farið fram

Samráð hefur farið fram innan starfshóps um tæknióháð lög. Hópin skipa lögfræðingar frá öllum ráðuneytum.

Fyrirhugað samráð

Áformaskjal og frumvarpsdrög verða birt í samráðsgátt. Mikilvægt er að einstaklingar og lögaðilar fái kost á að tjá sig um málefnið.

Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Hið opinbera kemur til með að spara og hagræða vegna breytts umhverfis sem mun hafa jákvæð áhrif á umferð, kolefnislosun og tíma almennings. Minni pappírnotkun þýðir einnig minna magn pappírs í úrgangsjónustu, minni afleiddan húsnæðiskostnað vegna pappírsskjalavistunar og betri rekjanleika í upplýsingagjöf. Auk þess má ætla að sparnaður

verði vegna pósthólfargjalda, kostnað við prentun, umsýslu starfsmanna og fleira. Má ætla að sparnaður fyrir ríkissjóð verði á bilinu 300 til 700 milljónir á ári. |

Næstu skref, innleiðing

Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Gert er ráð fyrir að áformaskjal fari í samráðsgátt í september. Vonir standa til þess að frumvarp megi leggja fyrir Alþingi í október 2020.

Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Gera þarf ráð fyrir góðum tíma til undirbúnings og aðlögunar þar sem gæta þarf að því að einstaklingar og lögaðilar hafi aðgang að miðlægu þjónustugáttinni áður en lögin taka gildi. Kynningarátak verður sett af stað til að undirbúa almenning og bjóða þeim sem kjósa upp á aðstoð við innskráningu og fleira. Gert er ráð fyrir að undanþágur frá notkun pósthólfsins taki jafnframt gildi á sama tíma.

Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Til að lagasetning beri árangur þarf að gæta þess að almenningur fái greiðan aðgang að miðlægu þjónustugáttinni og hafi tækifæri til að kynna sér virkni gáttarinnar. Þá þarf að gæta þess að boðið verði upp á næga þjónustu fyrir þá sem eru í vandræðum með að tengjast gáttinni.

Mælikvarðar á árangur og útkomu

2021 verði 70% af öllum útsendum samskiptum í gegnum stafrænt pósthólf.

2023 verði 90% af öllum útsendum samskiptum í gegnum stafrænt pósthólf.

2025 verði 100% af öllum útsendum samskiptum í gegnum stafrænt pósthólf.

Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Verkefnastofa um stafrænt Ísland hefur umsjón með stafrænu pósthólfi og mun geta mælt útsend samskipti. Sömuleiðis er hægt að mæla pósthólfargjöld stofnana í bókhaldi til að meta minnkun á útsendum pósti á pappír. |

Annað

Fylgiskjöl

Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

Önnur fylgiskjöl eftir atvikum |